UTS Fasteignir ehf.
Fjarðargata 13-15
220 Hafnarfjörður
Tel. +354 585 8200
Fax. +354 585 8201
Kt. 680202-3970

Hr. Formaður bæjarráðs, Orri Björnsson og

Hr bæjarstjóri, Þórður Þórarinsson

Hafnarfirði, 26.október 2026.

Efni: Ósk um fund og sameiginlega lausn vegna Fornubúða 3

Fyrir hönd lóðarhafa að Fornubúðum 3 óskum við eftir framlengingu á lóðarleigusamningi fyrir Fornubúðir 3 hér í bæ. Ennfremur óskum við eftir fundi með ykkur til að ræða stöðu lóðarinnar og leita sameiginlega að farsælli og sanngjarnri lausn á nýtingu lóðarinnar til framtíðar.

Málið á sér langa forsögu og ljóst er að umtalsverðir hagsmunir eru í húfi. Frá því að húseignin á lóðinni varð eldi að bráð árið 2019 hafa forsendur fyrir nýtingu hennar breyst, meðal annars vegna skipulagsáforma Hafnarfjarðarbæjar. Á þeim tíma var lóðarleigusamningur enn í gildi og hafa lóðarhafar alla tíð haft ríka hagsmuni af áframhaldandi nýtingu og þróun eignarinnar.

Því miður hefur ekki tekist að koma á formlegu og markvissu samtali milli aðila á undanförnum árum um framtíð lóðarinnar og mögulegar lausnir. Það hefur að okkar mati átt sinn þátt í því að málið er enn óútkljáð. Við teljum mikilvægt að úr því verði bætt og að aðilar fái nú tækifæri til að fara sameiginlega yfir stöðuna með opnum hug og vilja til samkomulags.

Við teljum mikilvægt að við úrlausn málsins verði horft til forsögu þess, þeirra hagsmuna og verðmæta sem tengjast lóðinni og þeirra möguleika sem kunna að vera til staðar varðandi framtíðaruppbyggingu svæðisins. Markmiðið er að finna lausn sem tekur sanngjarnt tillit til hagsmuna beggja aðila og skapar grundvöll fyrir áframhaldandi samstarf.

Lóðarhafar hafa einlægan og ríkan vilja til að taka virkan þátt í framtíðaruppbyggingu svæðisins. Þeir eru reiðubúnir til að skuldbinda sig til uppbyggingar að Fornubúðum 3 og vinna í nánu samstarfi við Hafnarfjarðarbæ að skipulagsmálum og útfærslu framkvæmda, náist um það samkomulag. Jafnframt eru þeir opnir fyrir öðrum lausnum sem geta þjónað hagsmunum beggja aðila.

Við óskum því eftir að komið verði á fundi með ykkur við fyrsta, þar sem farið verði yfir stöðu málsins og mögulegar leiðir að sameiginlegri og farsælli niðurstöðu.
Við trúum því að með góðum vilja, gagnkvæmum skilningi og opnu samtali sé unnt að finna lausn sem allir aðilar geta vel við unað.

Með von um jákvæð viðbrögð og gott samstarf.

Virðingarfyllst,

Haraldur R. Jónsson
UTS Fasteignir ehf